

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, um flutning þingstaðar. 1
5. jan.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 5. f. m. og beiðni hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess að þingstaður téðs hrepps verði fluttur frá Hólmi að Pálshól í Holtahverfi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um breytingar á sóknaskipun og um kirkjur í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi. 2
9. febr.

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. f. m., um að sá hluti Reynissóknar í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, er liggur austan Reynisfjalls, megi verða leystur úr sambandi við Reynissókn og sameinaður Höfðabrekkusókn, og að ný kirkja verði reist fyrir þessa væntanlegu Víkursókn í Vík, en Höfðabrekkukirkja verði lögð niður, skal yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að ráðuneytið samþykkir samkvæmt tillögum yðar ofangreindar breytingar um sóknaskipun og kirkjur, er söfnuðirnir hafa æskt eftir og héraðsfundur hefir fallist á.

AUGLÝSING

um

staðfestingu ráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík. 3
16. jan.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð samþykkt um breyting,